

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarporsks og skarkola á vetrarvertíð 2003.

Austursvæði (Stokksnes að 19° V).

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00' V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til kl. 10.00 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17°00' V. Þaðan í punkt 63°15' N og 17°00' V og síðan í punkt 63°05' N og 17°40' V og þaðan í réttvísandi 270° að 19°00' V.

Vestursvæði (19° V að Skor).

2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00' V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita.

Að utan markast svæðið frá 19°00' V vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti 63°33'00 N og 20°27'00 V og þaðan í punkt 63°33'00 N og 20°50'00 V og þaðan í punkt 63°47'85 N - 21°16'00 V og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skorarvita

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1. 63°05'00 N - 19°00'00 V
2. 63°05'38 N - 24°18'54 V
3. 63°35'06 N - 23°13'06 V
4. 63°36'72 N - 23°22'84 V
5. 63°39'65 N - 23°28'55 V
6. 64°43'72 N - 24°12'83 V
7. 64°43'72 N - 24°25'57 V

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skor.

Önnur friðunarsvæði þorsks.

3. gr.

Frá kl. 10.00 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Hornbjargsvita austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

Skarkolasvæði.

4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Selvogsbanki:

1. 63°40'00 N - 21°00'00 V
2. 63°31'00 N - 20°10'00 V
3. 63°22'00 N - 20°30'00 V
4. 63°20'00 N - 20°50'00 V

B. Hafnarleir:

1. 64°05'00 N - 23°15'00 V
2. 64°05'00 N - 22°54'00 V
3. 63°50'00 N - 22°53'00 V
4. 63°50'00 N - 22°57'00 V
5. 64°00'00 N - 23°20'00 V

C. Breiðafjörður:

1. 65°16'00 N - 23°27'00 V
2. 65°10'00 N - 23°27'00 V
3. 65°00'00 N - 24°20'00 V
4. 65°05'00 N - 24°37'00 V

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóngi og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.